

P.E.N á Íslandi

INTERNATIONAL PEN – A World Association of Writers

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn PEN á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (móðgun við erlenda þjóðhöfðingja), 146. löggjafarþing 2016 - 2017. Þingskjal nr. 160 - 101. mál.

Reykjavík, 29. 3. 2017

PEN á Íslandi hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og mælir eindregið með samþykkt þess. PEN international, sem PEN á Íslandi er hluti af, er alþjóðlegur félagsskapur rithöfunda og blaðamanna sem er ætlað að standa vörð um tjáningarfrelsið, rétt fólks til að gagnrýna stjórnvöld í eigin löndum og annarra án þess að eiga á hættu refsingar fyrir það eitt að þjóðhöfðingi telji sig móðgaðan.

Við teljum að meiðyrðalöggjöfin nægi fyllilega til að standa vörð um æru þjóðhöfðingja og sérstakar lagagreinar sem standi vörð um orðspor og sæmd þeirra séu fráleitar. Tímabundin staða þeirra sem þjóðhöfðingja, og þá sem táknmyndar þjóðar sinnar, á ekki að leysa þá undan gagnrýni, háði eða smánun. Enda hluti af starfslýsingunni, ef svo má segja.

Smánun þjóðartákna á borð við fána og skjaldarmerki, í ræðu og riti, í mynd og á sviði eða með öðrum hætti, er táknrænn gjörningur og tjáning á skoðunum um það sem að baki þjóðartákninu stendur, hvort sem það eru tilteknar hugmyndir, sögulegir viðburðir eða annað.

Um persónulega vernd einstaklinga sem starfa á Íslandi eða heimsækja það á vegum erlendra og mögulegra umdeilda ríkja hljóta að gilda almenn lög og alþjóðasamningar um vernd þeirra fyrir líkamlegu tjóni, og það sama hlýtur að eiga við um skemmdarverk á eigum þeirra, en um það teljum við að umrædd lagagrein fjalli ekki.

Við teljum að núverandi lagagrein eigi ekki heima í vestrænu lýðræðisríki og minnum á að henni var beitt gegn þeim Steini Steinarr og Þórbergi Þórðarsyni fyrir orð og gerðir gegn Hitler og ríki hans sem við teljum þessum skáldum til tekna nú til dags. Þessi grein átti ekki við þegar þeir voru dæmdir og hún á heldur ekki við á okkar dögum, þegar brýnt er sem aldrei fyrr að standa vörð um tjáningarfrelsið.

Með kveðju,

Stjórn PEN á Íslandi